

Gísli Rúnar Gíslason  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30.4.2020

Tilvísun: 202004-0039/42-0 Umsagnir almennt  
KHS, TB  
tb

**Efni: Umsókn um að fanga villt dýr, hrafn**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Róberts Carcia f.h. Reykjavík Studios ehf. til að fanga hrafn sem heldur til á bóndabæ/dýragarði í Dölunum og flytja til Víkur vegna kvikmyndatöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til að fanga hrafninn til flutnings og kvikmyndatöku eins og lýst er í erindinu. Ef Matvælastofnun telur að umsjónarmenn hrafnsins séu til þess hæfir að halda dýr, þ.m.t. hrafninn, þá væri eðlilegast að gefa út leyfi fyrir því til viðkomandi aðila þó svo að hrafninn sé að einhverju leiti „frjáls“ ferða sinna í fyrrgreindum dýragarði.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

